

um frv. til 1. um verðlagsmál.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar.

Frv. þetta, sem er stjórnarfrv., komið frá Nd., var tekið fyrir og afgreitt á fundi fjhn. þann 25. þ. m. Tók meiri hl. n., þ. e. stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar og undirritaður, afstöðu með frv., en minni hl. (KK) ákvað að skila sérstöku nál. Eftir að n. hafði þannig afgreitt málið að fullu frá sér, var kvaddur saman nýr fundur að boði ríkisstjórnarinnar, og var hann haldinn að mér fjarstöddum. Á þessum fundi ákvað meiri hl. n. (ÓB, JÞ og MJ) að beiðni eða boði ríkisstj. að breyta 1. gr. frv. í svo veigamiklum atriðum, að ég hlýt að afturkalla aðild mína að nefndarálitinu hans.

Breytingartillaga meiri hl. felur efnislega í sér að fjölga í verðlagsnefnd, þannig að hana skipi 6 menn í stað 5 samkv. frv., og einnig, að atkvæði formanns, þ. e. ráðuneytissjórans í viðskiptamálaráðuneytinu, ráði úrslitum mála, ef atkvæði verða jöfn, sem að sjálfsgöðu getur oft komið fyrir í 6 manna nefnd. Er atkvæði hans þannig í fjölmörgum tilvikum og e. t. v. þeim, sem ráða úrslitum um gagnsemi verðlagseftirlitsins, metið tvöfalt á við atkvæði annarra nefndarmanna og venjulegar lýðræðisreglur sniðgengnar.

Við núverandi aðstæður þýðir þessi breyting á skipun verðlagsnefndar það, að tveim fulltrúum Sjálfstæðisflokksins, sem kosnir verða af Alþingi, og skoðana-bróður þeirra, formanni nefndarinnar, eru fengin öll völd varðandi verðlags-ákvarðanir, þ. e. a. s. breytingin tryggir Sjálfstæðisflokknum, þeim flokki, sem frá fyrstu tíð til þessa dags hefur verið eindreginn andstæðingur hvers konar eftirlits með verzlunarálagningu, öll völd í þeim málum. Þarf varla getum að því að leiða, hvers virði slíkt eftirlit og ákvarðanir verða, eftir að svo er komið.

Á yfirstandandi Alþingi hafa forustumenn Sjálfstæðisflokksins lýst því yfir, svo að ekki verður um villzt, að þeir hefðu helzt kosið, að verðlagseftirlit yrði nú þegar lagt niður, en látið skína í, að látið hafi verið í þessu eina máli undan skoðunum Alþýðuflokksins, enda heyra verðlagsmálin undir verksvið hans í ríkisstjórninni. Nú er sýnt, að í reynd fær Sjálfstæðisflokkurinn hér fram vilja sinn sem annars staðar, þar sem hann að samþykktu þeirri breytingu, sem nú á að gera á frv., þarf ekki að spyrja samstarfsflokk sinn um eitt eða neitt varðandi verðlagsákvarðanir og getur þar í einu og öllu framfylgt fyrir mælum hinna stóru innflytjenda, en hagsmunir þeirra hafa sýnt sig að vera leiðarljós hans í efnahagsmálum. En furðuleg má vera auðmýkt Alþýðuflokksins, er hann á þennan hátt beygir sig í duftið og afsalar sér með öllu áhrifavaldi í þessum málum.

Sú áráttá núv. ríkisstjórnar að leitast við að sölsa undir sig völd í fjölmörgum greinum þjóðlífsins og sérstaklega í efnahagsmálum, völd, sem venjum og rétti samkvæmt heyra ekki undir framkvæmdavaldið, er þegar orðin alræmd, en hér er þó gengið feti lengra en áður. Hér er ekki látið sitja við það að afhenda ríkisstjórninni allri mikilsvætt vald, heldur er öðrum stjórnarflokknum einum tryggt ákvörðunarvald í mikilvægum greinum efnahagslífsins, flokki, sem er í miklum minni hluta bæði á Alþingi og með þjóðinni.

Með afhendingu ákvörðunarvalds í verðlagsmálum í hendur Sjálfstæðisflokksins og þar með verzlunarvaldsins tel ég, að öllu eðli þessa frv. sé gerbreytt frá því, sem það upphaflega var, og sé ekki mikill munur á þeirri ráðstöfun og því að leggja verðlagseftirlitið niður, enda greinilegt, að hún er fyrsta sporið í þá átt. Aðferðin er líka í fullu samræmi við tilganginn, sú að smeygja þessari breytingu inn í frv. á síðustu stundu, eftir að fjárhagsnefndir beggja deilda hafa afgreitt málið.

Ég legg eindregið til, að brtt. meiri hl. fjhn. á þskj. 552 sé felld. Verði hún samþykkt, tel ég aðdrif frv. litlu skipta.

Alþingi, 30. maí 1960.

Björn Jónsson.